



## Reglur um félagslega liðveislu í Sveitarfélaginu Árborg

### I. kafli

#### Markmið, hlutverk og skipulag liðveislu

##### 1. gr.

Markmið liðveislu er að efla viðkomandi til sjálfshjálpar, veita persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs.

##### 2. gr.

Rétt til liðveislu á sá sem á lögheimili í sveitarfélaginu Árborg, býr utan stofnunar, er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjónskerðingu og heyrnarskerðingu.

Liggja skal fyrir greining frá Greiningarstöð ríkisins, eða öðrum sérfræðingum eftir því sem við á.

### II. kafli

#### Ákvarðanataka

##### 3. gr.

Starfsmenn félagsþjónustunnar hafa, í umboði félagsmálanefndar, heimild til að taka ákvörðun um liðveislu skv. reglum þessum enda liggja fyrir útgjaldaheimild í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Félagsmálanefnd skal með jöfnu millibili fá upplýsingar um fjölda notenda og annað er máli kann að skipta við framkvæmd liðveislunnar.

### III. kafli

#### Framkvæmd þjónustunnar

##### 4. gr.

Umsóknir um liðveislu skulu berast til starfsmanna félagsþjónustunnar, undirritaðar af umsækjanda sjálfum, forsjáaraðila hans eða talsmanni. Greining á fötlun skal liggja fyrir, sbr. 2. gr.

##### 5. gr.

Á afgreiðslufundi eru umsóknir teknar fyrir, metnar og afgreiddar. Umsóknum skal svarað skriflega innan fjögurra vikna frá því að þær berast. Umsækjanda svarað skriflega um afgreiðslu innan fjögurra vikna frá móttöku umsóknar. Liðveisla samkvæmt reglum þessum er tvenns konar:

1. Liðveisla allt að 20 tímum á mánuði, veitt einstaklingum með mikla stuðningsþörf hvort heldur líkamleg eða andleg
2. Liðveisla allt að 10 tímum á mánuði, veitt einstaklingum með minni stuðningsþörf hvort heldur líkamleg eða andleg.

Við sérstakar aðstæður og að fengnu samþykki félagsmálanefndar er heimilt að veita liðveislu umfram það sem reglur þessar kveða á um.

#### 6. gr.

Samþykktir um liðveislu skulu vera tímabundnar. Fyrsta samþykkt skal að jafnaði vera til þriggja mánaða. Þá skal meta umsóknina að nýju og framlengja ef ástæða þykir til. Endurnýjaðar samþykktir skulu að hámarki vera til eins árs.

#### 7. gr.

Liðveitendur taka laun sín frá Sveitarfélaginu Árborg og gilda þar launakjör skv. samningi milli Árborgar og Stéttarfélags Bárunnar eða FOSS. Liðveitendum er óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá þeim er njóta liðveislu eða forráðamönnum þeirra.

#### 8. gr.

Liðveitendur eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir verða í starfi sínu vísir um, einkamál manna og heimilishagi, og helst þagnarskyldan þó viðkomandi láti af störfum.

#### 9. gr.

Liðveitandi skal skila inn vinnuskýrslu, ásamt akstursskýrslu, fyrir 18. hvers mánaðar. Vinnuskýrslur skulu staðfestar af þeim sem nýtur liðveislunnar, forráðamönnum eða talsmönnum, nema annað sé ákveðið.

Liðveitendur skulu einnig skila inn fylgiskjölum eða kvittunum vegna útgjalda. Til útgjalda telst kostnaður liðveitenda vegna liðveislunnar, s.s. vegna bíó- eða leikhúsferða.

#### 10. gr.

Útlögðum kostnaði skal haldið innan hóflegra marka. Ekki verður greidd hærri upphæð í kostnað fyrir liðveitanda á mánuði en 5,000.- kr. notandi greiðir sjálfur fyrir sinn eigin kostnað.

Akstur er að hámarki greiddur sem nemur 140 km. á mánuði. Akstur er greiddur samkvæmt kílómetragjaldi ákvörðuð af ferðakostnaðarnefnd hverju sinni.

### IV. kafli

#### Meðferð, málsskotsréttur umsækjenda og gildistími reglna

11. gr.

Sé beiðni um liðveislu hafnað, skal umsækjandi fá skriflegar upplýsingar þar sem forsendur synjunarinnar eru rökstuddar.

12. gr.

Umsækjandi um liðveislu getur áfrýjað ákvörðun um höfnun umsóknar til félagsmálanefndar Árborgar. Skal það gert skriflega innan fjögurra vikna frá því umsækjanda var formlega tilkynnt um höfnun. Ákvörðun félagsmálanefndar skal kynnt viðkomandi skriflega og um leið kynntur réttur hans til málsskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála grundvelli eftirlitshlutverks þess, skv. 3. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992, með síðari breytingum sbr. og 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1997. Fer um kærufrest skv. 27. gr. stjórnsýslulaga.

13. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt [lögum nr. 59/1992](#) um málefni fatlaðra með síðari breytingum og öðlast gildi frá og með 1. janúar 2015. Jafnframt falla úr gildi reglur um liðveislu frá 19.02.2014.

Samþykkt í félagsmálanefnd 20. janúar 2015, í bæjarstjórn Árborgar 18. febrúar 2015